



25. janúar 2024  
Tilv.: 2302026

Dreifibréf nr.: 4/2024  
Til eftirlitsskyldra aðila

**Efni:** Mat á fylgni við Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019

## 1. Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með hliðsjón af framangreindu hlutverki fjármálaeftirlitsins og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum til að meta fylgni við kröfur laga og reglna.

## 2. Fylgni við Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019

Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila (tilmælin) innihalda viðmið til nánari útskýringar um þær kröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi rekstraráhættu með áherslu á rekstur upplýsingakerfa og leggur fjármálaeftirlitið viðmiðin til grundvallar við mat á því hvort farið sé að lögum og reglum, þ.m.t. heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum.

Í 43. tölulið tilmælanna, er fjallað um að eftirlitsskyldir aðilar skuli láta framkvæma úttekt á fylgni við tilmælin með skipulögðum og markvissum hætti sem fylgi almennt þekktri og viðurkenndri aðferðafræði.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að óska eftir mati á fylgni við tilmælin á stöðluðu formi sem skal skila í tengslum við úttekt óháðs aðila samkvæmt 43. tölulið tilmælanna.

## 3. Gögn

Búið hefur verið til nýtt skilatilvik í gagnskilakerfi Seðlabanka Íslands nefnt „Mat á fylgni við LT 1/2019“ sem inniheldur Excel skjal þar sem tilmælin hafa verið brotin niður í raðir þar sem hægt er að setja inn viðeigandi upplýsingar fyrir hvert atriði sem óskað er eftir að sé skoðað í tengslum við fylgni við tilmælin.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að fyrir hverja röð í Excel skjalinu að:

- Fram komi hvenær atriðið var skoðað (skoðunartími).
- Niðurstöður úttektar er varða atriðið sé fyllt út, ef við á.
- Lýsing frávíka frá kröfum sé útskýrð í stuttu máli, ef einhver frávik eru.

- Ábendingar eða athugasemdir sem snúa að atriðinu, séu einhverjar ábendingar eða athugasemdir.
- Mat úttektaraðilans á fylgni við þær kröfur sem röðin fjallar um sé valin.

Ítarlegri leiðbeiningar er að finna á þar til gerðri síðu í Excel skjalinu.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að ofangreint skjal sé fyllt út miðað við fyrirbyggjandi gögn og skilað í gegnum gagnaskilakerfi Seðlabanka Íslands.

#### 4. Lokaorð

Tilgangur staðlaðs forms samkvæmt 2. kafla hér að framan er ekki að hinn óháði úttektaraðili samkvæmt 43. grein tilmælanna breyti um aðferðafræði eða geri nýja úttekt, heldur einungis að úttekt við næstu skýrsluskil verði skilað á hinu staðlaða formi.

Boðað verður til kynningarfundar vegna þessa nýju skila sem verður auglýst síðar.

Athygli er vakin á áformum um lagasetningu um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar, til innleiðingar á DORA-reglugerð ESB 2022/2554 hér á landi, ásamt tilheyrandi tæknistöðlum.

Kröfurnar sem koma fram í reglugerðinni um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar verða töluvert ítarlegri en þær sem eru gerðar í tilmælunum.

Þessi stöðluðu skil sem óskað er eftir er hluti af því að auka skilvirkni í eftirliti með það að leiðarljósi að bæta viðnámsprótt fjármálakerfisins í heild.

Ef spurningar vakna vegna fyrirspurnarinnar er unnt að leita upplýsinga hjá undirrituðum, [olafur.hlynsson@sedlabanki.is](mailto:olafur.hlynsson@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdarstjóri  
varúðareftirlit

Ólafur Hlynsson  
sérfræðingur  
varúðareftirlit

Fylgiskjal: LT-1-2019.xlsx

